

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

1. *Hvernig miðar flutningi verkefna frá ráðuneytinu til sýslumannsembætta samkvæmt aðgerðaáætlun um flutning verkefna til embætta sýslumanna sem gerð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 50/2014?*

Ekkert verkefni hefur verið flutt úr ráðuneytinu til sýslumannsembætta.

2. *Telur ráðherra unnt að flytja önnur verkefni úr ráðuneytinu til sýslumannsembætta en þau sem tiltekin eru í fyrrgreindri aðgerðaáætlun?*

Ráðherra tók ekki afstöðu til tillagna í aðgerðaáætlun frá janúar 2015 um flutning verkefna úr ráðuneytinu til sýslumannsembætta. Sýslumenn gerðu þrjár tillögur um flutning tveggja verkefna sem þeir töldu að heyrðu undir mennta- og menningarmálaráðuneyti, annars vegar innheimtu gjaldfallinna en ógreiddra útlána Lánasjóðs íslenskra námsmanna en ákvörðun um tilhögun innheimtunnar er á forræði stjórnar sjóðsins samkvæmt lögum um sjóðinn, hins vegar útgáfu prófskírteina, löggildinga og sveins- og meistarabréfa í iðngreinum sem eru á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis auk leyfisveitinga til kennara en í ársbyrjun 2015 var háskólum sem brautskrá leikskóla- og grunnskólakennara falið að afhenda þeim leyfisbréf við brautskráningu. Ráðuneytið hefur á síðustu árum flutt verkefni á sviði sjóðaumsýslu, leyfisveitinga og eftirlits til undirstofnana og hyggst halda áfram á sömu braut en telur að þau henti ekki starfsemi sýslumannsembætta.

3. *Hvaða aðferðum er beitt við ákvörðun um að flytja verkefni til sýslumannsembættis og hvað kemur einkum í veg fyrir flutning?*

Við ákvörðun um flutning verkefna er metið hvort stofnun, t.d. sýslumannsembætti, hefur faglega kunnáttu á starfsemi í málaflokkum ráðuneytisins, hvort hún ræður yfir nauðsynlegum kerfum eða aðferðafræði og hversu vel verkefni, sem stendur til að flytja, fellur að verkefnum sem eru fyrir hjá viðkomandi aðila.